

Umsagnir um tillögu um svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið – 28. febrúar 2023

Stofnun	Nafn	Ábendingar	Viðhengi
Forsætisráðuneytið	Regína Sigurðardóttir	<p>Á bls. 11 er fjallað um þjóðlendur. Þar þarf að uppfæra textann. Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindum og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.</p> <p>Á bls. 24 er fjallað um úthlutun leyfa til nýtingar í þjóðlendum. Þar þarf að uppfæra textann. Forsætisráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindum og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.</p> <p>Í setningunni "<i>Afréttarhafar eiga rétt á að stofnaðar séu lóðir undir slíka skála og að gert sé grunnsamkomulag um þá</i>" á bls. 24-25, veitir ráðuneytið fyrir sér hvort þar ætti að segja "<i>Afréttarhafar eiga rétt á að afmarkaðar séu lóðir undir slíka skála og þær stofnaðar í fasteignaskrá og að gert sé grunnsamkomulag um þá. Gunnsamkomulagið er samkomulag við ráðuneytið sem felur í sér staðfestingu á eignarráðum yfir viðkomandi afréttarskála</i>" ?</p>	
Samtök útivistarfélag	Sveinbjörn Halldórsson		<a href="#">Viðhengi\Yfirlýsing Samút vegna SASS loka.pdf</a>
Sveitarstjórn Borgarbyggðar	Stefán Broddi Guðjónsson	Borgarbyggðar." Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við tillögu að svæðisskipulagi Suðurrhálendis 2022-2042. Samþykkt samhljóða	
Skipulagsstofnun	Guðrún Lára Sveinsdóttir		<a href="#">Viðhengi\Skiplagsstofnun Svæðisskipulag Suðurrhálendis 2022-2042.pdf</a>
Umhverfisstofnun	Axel Benediktsson		<a href="#">Viðhengi\Umhverfisstofnun Umsögn Svæðisskipulag Suðurrhálendis.pdf</a>

Vatnajökulsþjóðgarður	Fanney Ásgeirsdóttir		<a href="#">Viðhengi\Umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs um vinnslutillögu að svæðisskipulagi Suðurlandins.pdf</a>
Landgræðslan	Davíð Arnar Stefánsson		<a href="#">Viðhengi\Umsögn Landgræðslan Svæðisskipulag Suðurlandins ii.pdf</a>
ÓFEIGU	Sif Konráðsdóttir		<a href="#">Viðhengi\Viðbót Ófeigu við umsögn Svæðisskipulag suðurlandins vinnslutillaga.pdf</a>
Eldvötn	Ingibjörg Eiríksdóttir		<a href="#">Viðhengi\SvæðisskipulagSuðurlandins Vinnslutillaga UmsögnEldvatna_190223.pdf</a>
Ferðaklúbburinn 4x4	Sveinbjörn Halldórsson o.fl.		<a href="#">Viðhengi\Athugasemd F4x4 um Svæðisskipulag Suðurlandins - endanlegt.pdf</a> <a href="#">Viðhengi\Greinagerð Ferðaklúbbsins 4x4 til SASS.pdf</a>
Náttúruverndarsamtök Íslands	Árni Finnsson		<a href="#">Viðhengi\Náttúruverndarsamtök Íslands Svæðisskipulag.docx</a>
Eyjafjarðarsveit	Sigríður Kristjánsdóttir	Eyjafjarðarsveit gerir athugasemd við Svæðisskipulags Suðurlandins. Eyjafjarðarsveit tekur ekki undir að útilokað verði að stofnvegir yfir hálendið séu hannaðir fyrir vöruflutninga á milli landshluta. Eyjafjarðarsveit bendir á að það sé gott að eiga þann möguleika fyrir hendi að ein leið sé fær yfir hálendið ef að hringvegurinn lokast vegna t.d.náttúruhamfara.	<a href="#">Viðhengi\2301013-E-UMS-01 Svæðisskipulag suðurlandins umsögn Eyjafjarðarsveitar.docx</a>
Landvarðafélags Íslands	Benedikt Traustason		<a href="#">Viðhengi\Landvarðafélag Íslands Svæðisskipulag Suðurlandins. Umsögn um vinnslutillögu.pdf</a>
Freyr Þórssón			<a href="#">Viðhengi\Freyr Þórssón Svæðisskipulag Suðurlandins - athugasemdir 19.02.23.pdf</a>
Ferðafélag Íslands	Páll Guðmundsson		<a href="#">Viðhengi\Ferðafélag Íslands Athugasemdir-Svæðisskipulag Kynning feb 2023-peg.docx</a>
Ágústa Ágústsdóttir			<a href="#">Viðhengi\Ágústa Ágústsdóttir Umsögn v. Svæðisskipulags Suðurlandins.pdf</a>
Náttúrufræðistofnun Íslands	Snorri Sigurðsson		<a href="#">Viðhengi\Umsögn NÍ Svæðisskipulag Suðurlandins.pdf</a>
Landeigendur jarðarinnar Úthlíðar	Ólafur Björnsson	1. Virkjanir Samkv. kafla 5.2 í vinnslutillögunni virðist sem hugmyndir um Hagavatnsvirkjun, sem unnið hefur verið að lengi, séu settar á is. Vísað er til þess að Hagvatnsvirkjun sé í biðflokki. Svæðið er líka sett inn sem kyrrlátt svæði í kafla 4.6. Landeig Úthl. benda á að þeir hafa gert samning um byggingu Hagavatnsvirkjunar við Íslenska Vatnsorku ehf – Gert er ráð fyrir 9,9 MW virkjun, og er hún því ekki undir rammaáætlun. Unnið er að umhverfismati.	

		Samkv nügildandi aðalskipulagi Bláskogabyggðar er gert ráð fyrir endurheimt Hagavatns, sambærilegt því sem vatnið var fyrir hlaupið 1939. Landeig Úthlíðar telja milkilvægt að svæðistillagan taki mið af núverandi aðalskipulagi Bláskogabyggðar að þessu leyti, og takmarki ekki þá nýtingarmöguleyka sem nú er unnið að á svæðinu. Ákilinn er réttur til að krefjast skaðabóta komi til þess að fyrirleggjandi tillaga skerði eignar og nýtingarrétt landeig, Úthlíðar.	
Líf- og umhverfivísindadeild HÍ	Anna Dóra Sæþórsdóttir		<a href="#">Viðhengi\Líf og umhverfivísindadeild HÍ Athugasemd við svæðisskipulag suðurhálandisins.pdf</a>
Michaël Bishop			<a href="#">Viðhengi\Michael Bishop 2023-02-19 - Svaedisskipulag sudurhalendis.pdf</a>
Guðmundur Ögmundsson			<a href="#">Viðhengi\Guðmundur Ögmundsson Svæðisskipulag suðurhálandis - umsögn - GÖ.pdf</a>
Landsnet	Ásgerður Kjartansdóttir		<a href="#">Viðhengi\Landsnet umsögn Suðurhálandið.pdf</a>
Skógræktin	Páll Sigurðsson		<a href="#">Viðhengi\Skógræktin SSK Suðurhálandis - Aths. Sr.pdf</a>
Reykjavíkurborg	Sigurjóna Guðnadóttir		<a href="#">Viðhengi\Reykjavíkurborg Svæðisskipulag Suðurhálandis.pdf</a>
Minjastofnun	Kristinn Magnússon		<a href="#">Viðhengi\Minjastofnun umsögn.pdf</a>
Birgitta M. Braun		1) Áhrifin á þessa byggð, og ég held mig við mitt svæði, Bláskógabyggð, munu vera gríðarleg og varla fyrirsjánaleg: Hugmyndin um að malbika Kjalveg er ekki ný - en hún kom til áður en ferðamennskan þróaðist sem aðalgrein íslenska efnahagslífsins! Eins og fram kemur í SSH á að byggja upp stofnvegi Suðurhálandisins en forgangsverkefnið er að malbika Kjalveg bæði sunnan og norðanmegin frá og byggja upp ferðamannamiðstöðvar meðfram stofnveginum. Fjalla og afréttaskálum á að breyta í því tilgangi í þjónustumiðstöðvar. Umferðin mun leggjast þyngst á annars vegar Hellisheiðina → Selfoss → Borg/Reykholt, og hins vegar á Lyngdalsheiðina → Laugarvatn og í þriðja lagi Selfoss → Brautarholt/ Flúðir. Það eru nú bara til þessir þrír aðalvegir í uppsveitir Árnessýslu. Ofanefndir vegir sem eru nú þegar á sumrin yfirfullir af rútum, einka og vöruflutningabílum, þurfa mikið viðhald. Ferðaöryggið minnkar í takt við aukningu umferðar. Það næðst varla að halda vegunum vel við og tryggja færð allt árið. Hvað gerist ef ferðamannastraumurinn eykst, ef umferð frá Norðurlandi og Vesturlandi bætist við?	

		<p>Skv. tillögunni munu uppsveitirnar breytast í einkonar grunnbúðir ferðamanna áður en lagt er upp á hálendið.</p> <p>Í Bláskógabyggð búa í dag 1300 manns; yfir sumartímann bætast við sumarhúsagestir og stærsti hlutur ferðamannanna sem koma til landsins fer Gullna Hringinn.</p> <p>Af þessum 1300 fastskráðum íbúum eru nú þegar 32% af erlendum uppruna og fleiri bætast við á sumrin. Reglan er einföld: því fleiri ferðamenn því fleiri erlendir starfsmenn. Ekki að ég sé á móti því, sjálf af erlendum uppruna og settist hér að! En þetta er fyrirsjáanleg þróun sem sveitungarnir þurfa að átta sig á og vera sáttir við! Þetta eru gríðarlegar lýðfræðilegar breytingar á stuttum tíma sem svæðið þarf að geta unnið úr.</p> <p>Ef þessi plön ganga eftir má spyrja sig: hvað verður eftir af sveitinni og sveitalífinu eftir einhver ár?</p> <p>Einn af stærsta áskorunum á Íslandi er skortur á fagfólki og efirliti. Í mótsögn við uppbyggingu síðustu ára hefur heilbrigðisþjónustan á svæðinni minnkað, eina apótekinu í uppsveitum var lokað 2022. Heilbrigðiskerfi landsins er á hnefunum án þess að það hafa fundist virkar mótvægisáðgerðir, björgunarsveitir vinna sjálfboðastörf allt árið í kring og verða uppgefnar.</p> <p>Nú þegar er ekki hægt að fylgjast með ferðamönnum sem eru oftast alókunnugir landi og veðri, tungumáli ( íslenkunni og oft enskunni) og því miður ekki sjaldan sínum bílaleigubílum.</p> <p>Hver á að fylgjast með ferðafólkinu á fjöllum, hver á að bjarga þeim ef eftirlitssvæðið stækkar?</p> <p>Ekki hef ég fundið skýra stefnu um eftirlit ef hjarta landsins er gert of aðgengilegt.</p> <p>2) Áhrifin á náttúruna:</p> <p>Að opna Suðurhálendið fyrir fjölgun ferðamanna með öllu sem því fylgir er í skýrri mótsögn við tilgreinda stefnu skipulagisins: verndun viðerna, sjálfbærni og að vinna á móti loftslagsbreytingum:</p> <p>Fjölgun ferðamanna þýðir ekkert annað en fleiri skemmtiferðaskip og flugvélar sem koma ferðamönnum til landsins. Fleiri bílaleigubílar og rútur. Fleiri malbikaðir vegir, efnistökusvæði, vöruflutningar og mannvirki af ýmsu toga til að flytja, hýsa, næra og þjóna ferðamönnum. Meira sorp sem er grafið eða brennt og skolp sem fer að mestu enn óhreinsað til hafs.</p> <p>Ef svæðisskipulagið í þessu formi gengur eftir er það í mínum huga eitt áhrifamesta inngríp í samfélagið, innviði og náttúru Suðurlands. Þetta eru skref sem eru ekki afturkræf á mannlegum tímaskala. Við erum langt frá því að vinna úr þeim vandamállum og skorti sem þegar</p>	
--	--	---	--

		<p>er til staðar- hvað þá ef við opnum svæði sem hafa verið óaðgengileg og leyfum þar óstýrðan aðgang af sífelld fleiri ferðamönnum? Ósnortið viðerni ER "sjálfbært" svæði sem vinnur gegn loftslagsbreytingum og í þágu umhverfisverndar- ef það er látið í friði og aðgangi stýrt á skynsamlegan hátt!</p> <p>Ef látið í friði þarf það hvorki varðveislu né umhverfisvernd – mesti hættan virðist stafa af skammsýnum hagsmunadriðnum draumum manna.</p> <p>Ísland býr yfir einstöku viðerni sem dregur ferðamenn til landsins frá öllum heimshornum – en Ísland er í því að eyðileggja það. Ferðafólkið kemur hingað til að upplifa eitthvað annað sem það á ekki kost á að upplifa heima hjá sér. Ér er ansi hrædd um að það muni fara annarstaðar ef þessi þróun heldur áfram.</p> <p>Á þýsku segir maður: Mann sagt nicht den Ast ab auf dem man sitzt. Sem þýðir: maður sagar ekki af greinina sem maður situr á!</p>	
Þorvarður Ingi Þorbjörnsson		<p>Skv teikningu nær skipulagið yfir hluta Þjóðgarða og friðlands. Er skipulagið þá ofar lögum t.a.m. Vatnajökulþjóðgarðs? Undir liðnum "Ferðaleiðir" lítur svo út sem ekki séu neinar gamlar og hefðbundnar ferðaleiðir til. Þróa skal "allar" ferðaleiðir? Ég sé ekki minnst á verndun gamalla hefðbundinna ferðaleiða með því að merkja þær og hvetja ferðamenn til að fara þær. Mér er ekki ljóst hvað er fjallaskáli og hvað er fjallasel. Skv. mynd 2, flokkun vega á hálendinu þá er búið að þurrka út fleta vegslóða.</p>	
Markaðsstofa Suðurlands	Vala Hauksdóttir	<p>Athugasemdir eiga við eftirfarandi kafla:</p> <p>3.2 Hvergi er minnst á stefnu í skiltamálum og merkingum. Ferðamálastofa hefur gefið út og viðhaldið handbók um merkingar sem má nálgast á <a href="http://www.godarleidir.is">www.godarleidir.is</a>. „Handbókin er samstarfsverkefni Vatnajökulþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Ferðamálastofu og Þingvallabjóðgarðs. Handbókin þjónar sem hönnunarstaðall fyrir aðildarstofnanirnar en er jafnframt ætluð öllum þeim sem koma að mótun umhverfis ferðamanna á Íslandi.“</p> <p>3.2.2.2 Benda á Handbók um gerð hjólaleiða: <a href="https://www.south.is/static/files/DMP/mss_handbok_hjolaleidir_a4_v2.pdf">https://www.south.is/static/files/DMP/mss_handbok_hjolaleidir_a4_v2.pdf</a></p> <p>3.2.2.3 Hefur verið gerð stefna um áningarhólf fyrir hesta á reiðleiðum? Stærð, gerð, fjöldi, umsjá o.s.frv.. Þetta er</p> <p>3.2.2.4 Benda á Handbók um gerð gönguleiða: <a href="https://www.south.is/static/files/DMP/mss_handbok_gonguleidir_a4_v4.pdf">https://www.south.is/static/files/DMP/mss_handbok_gonguleidir_a4_v4.pdf</a></p>	

		<p>5.2 Stefna um orkuvinnslu þyrfti að ná betur utan um áhrif á upplifun ferðafólks. Til dæmis: Staðsetning mannvirkja skal hafa lágmarks áhrif á óbyggðaupplifun ferðafólks.</p> <p>7 Á bls. 68 er Sass titlað sem „samtök sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS)“ en ætti að vera „Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (Sass)“</p> <p>7.1 Á bls. 69 er Sass titlað sem „samtök sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS)“ en ætti að vera „Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (Sass)“</p>	
Sv. Hornafjörður	Anna Bragadóttir	Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	
Mosfellsbær	Fanney Dagmar Baldursdóttir		
Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Sigrún Guðmundsdóttir		<a href="#">Viðhengi\Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 07022023165152.pdf</a>
Landvernd	Auður Magnúsardóttir		<a href="#">Viðhengi\Umsögn Landvernd greinargerð skipulag suðurhálandisins LOKA 7feb2023.pdf</a>
Sigurður Erlingsson		<p>1. Tillagan kemur á vef skipulagsstofnunar föstudaginn 3. febrúar og veittur er frestur til sunnudagsins 12.febrúar. Þetta eru fimm virkir dagar og miðað við stærð tillögunnar og stærð og mikilvægi svæðisins gerir þetta almenningi verulega erfitt fyrir að koma að þessu skipulagi eins og Árósasamkomulagið gerir kröfu um.</p> <p>2. Kynningarfundur er auglýstur 8. febrúar og athugasemdefrestur rennur út 12. febrúar. Þetta er svo langt frá því að vera í lagi.</p> <p>3. Að á skipulagi á þessum tíma sé talað um uppbyggða malbikaða vegi, t.d. í jaðri friðaða svæðisins Þjórsárvera, og um Fjallabak nyrðra, m.a. þar sem vegurinn liggur í gegn um Eldgjá sem er innan VJP og er á heimsminjaskrá UNESCO.</p> <p>4. Samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð eru sveitarstjórnir bundnar af stjórnunar og verndaráætlun. Ég fæ ekki séð í stjórnunar og verndaráætlun að gert sé ráð fyrir uppbyggðum og malbikuðum vegi með 70-90km/klst hámarkshraða.</p> <p>5. Það að friðun lands sé ekki talin með landnýtingu mótmæli ég. Það sýnir hversu mjög hallar á friðun í þessu skipulagi. Mikið er talað um virkjanir, vegi, uppbyggingu, ferðaþjónustu, en varla minnst á Vatnajökulsþjóðgarð, eða önnur friðuð svæði.</p>	

Sigurður Greipsson		Eg vildi benda á að Sandvatn sem er nyrst á Haukdalsheidi í Blaskógabyggð er í raun manngert uppistodulón. Sandvatn var verulega stækkad vegna landgræðslu aðgerða. Auk þess að stífla utfall Sandvatns þá var affallsskurður grafinn úr Sandvatni til að veita vatninu í Sanda sem rennur síðan í Hvíta. Eftir að stíflurnar voru reistar við Sandvatn þá rennur ekkert jökulvatn í Asbrandsa eða Tungugljotid. Það er því alls ekki rétt að merkja umhverfi Sandvatns á kortum sem oraskad eða osnorin viderni.	
Eyjafjarðarsveit	Jakóbína Ósk Sveinsdóttir	Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurlandis hefur samþykkt greinargerð og umhverfisskýrslu Svæðisskipulags Suðurlandis til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlaða og framkvæmda. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurlandi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins. Skipulagsnefnd tekur ekki undir að útilokað verði að stofnvegir yfir hálandið séu hannaðir fyrir vöruflutninga á milli landshluta. Nefndin gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við svæðisskipulagstillöguna og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að senda inn umsögn fyrir hönd Eyjafjarðarsveitar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að senda inn umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins í samræmi við niðurstöður fundarins.	
ÓFEIGU	Snæbjörn Guðmundsson		<a href="#">Viðhengi\ÓFEIGU Umsögn Svæðisskipulag suðurlandis vinnslutillaga.pdf</a>
Orkusalan	Magnús Kristjánsson		<a href="#">Viðhengi\Orkusalan - Umsögn um Svæðisskipulag Suðurlandis, tillögu til kynningar.pdf</a>
Bláskógabyggð	Ásta Stefánsdóttir	Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurlandis hefur samþykkt greinargerð og umhverfisskýrslu Svæðisskipulags Suðurlandis til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlaða og framkvæmda. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurlandi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins. Skipulagssvæðið nær yfir hálandissvæði níu sveitarfélaga á Suðurlandi en þau eru Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þeirra taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu. Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er mótun framtíðarsýnar og stefnumörkun fyrir Suðurlandið um sterka innviði, umhyggju fyrir	

		<p>auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu.</p> <p>Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.</p>	
Grímsnes- og Grafningshreppur	Lóa Marsibil Jónsdóttir	<p>Svæðisskipulag Suðrhálendis, ósk um umsögn um greinargerð og umhverfisskýrslu.</p> <p>Fyrir liggur tölvupóstur frá svæðisskipulagsnefnd Suðrhálendis, dagsettur 13. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögnum frá sveitarfélögum sem tilheyra Suðrhálendi fyrir 12. febrúar 2023. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða greinargerð og umhverfisskýrslu.</p>	
Fiskistofa	Guðni Magnús Eiríksson	<p>Ekki er fjallað um fiskstofna í greinargerð fyrir kynnt svæðisskipulag og afar lítið er þar að finna um veiðimöguleika eða nýtingu. Bæta mætti úr því og gera skrá um veiðivötn sem finna má innan svæðisins.</p> <p>Fram kemur að gætt verði að því að spilla ekki grunnvatni (bls. 47) og að lögð verði áhersla á sjálfbæra nýtingu fiskstofnu í veiðivötnum (bls. 61). Ekki kemur fram hvernig tryggja á sjálfbæra nýtingu. Fiskistofa bendir á að veiðinýting verði í samræmi við staðfesta nýtingaráætlun: <a href="https://island.is/starfsemi-veidifelaga/nytingaraetlun">https://island.is/starfsemi-veidifelaga/nytingaraetlun</a></p> <p>Fram kemur í greinargerð að í veiðivötn verði sleppt seiðum í samráði við Fiskistofu (bls. 61). Fiskistofa bendir á að ef stunda á fiskrækt þarf að gera það í samræmi við staðfesta fiskræktaráætlun, sbr. lög nr. 58/2006 um fiskrækt: <a href="https://island.is/fiskraekt">https://island.is/fiskraekt</a></p>	
Hvalfjarðarsveit	Guðný Tómasdóttir	<p><b>Svæðisskipulag Suðrhálendis- umsögn.</b></p> <p>2301017</p> <p>USNL-nefnd fjallaði um málið á 14. fundi sínum þann 01.02.2023. Eftirfarandi bókun var gerð, mál nr. 5:</p> <p>Erindi dags. 13.01.2023 frá Svæðisskipulagsnefnd suðrhálendis.</p> <p>Erindið er sent sveitarfélaginu í ljósi þess að sveitarfélagsmörk Hvalfjarðarsveitar eru aðliggjandi hluta þeirra sveitarfélaga sem að svæðisskipulaginu standa.</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðrhálendis hefur samþykkt greinargerð og umhverfisskýrslu Svæðisskipulags suðrhálendis til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda.</p> <p>Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir suðrhálendi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins.</p> <p>Skipulagssvæðið nær yfir hálendissvæði níu sveitarfélaga á Suðurlandi en þau eru Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur,</p>	<a href="#">Viðhengi/Hvalfjarðarsveit</a>



	<p>Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þeirra taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.</p> <p>Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er mótun framtíðarsýnar og stefnumörkun fyrir suðrhálendið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu.</p> <p>Greinargerð til kynningar ásamt umhverfisskýrslu má finna á vef SASS. Svæðisskipulagstillaga er nú kynnt fyrir umsagnaraðilum og er óskað eftir því að umsögnum sé skilað fyrir 12. febrúar 2023.</p> <p>Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd samþykkir að óska eftir lengri fresti til að svara erindinu og að fela starfsfólki skipulags- og umhverfissviðs Hvalfjarðarsveitar að gera tillögu að umsögn og leggja fyrir fund nefndarinnar til afgreiðslu.</p> <p><i>Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar hefur farið yfir gögn vinnslutillögu að svæðisskipulagi Suðrhálendisins ásamt umhverfismatsskýrslu og hefur kynnt nefndinni sína niðurstöðu.</i></p> <p><i>Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við vinnslutillöguna á þessu stigi málsins.</i></p> <p><i>Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.</i></p>	
--	---	--